

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á byggingasamþykktum.

Samkvæmt lögum nr. 19 20. okt. 1905, um byggingasamþykktir, sbr. lög nr. 84 16. des. 1943, um breytingar á þeim lögum, og skipulagslög nr. 19 21. maí 1964, hefur ráðuneytið í dag staðfest byggingasamþykktir fyrir eftirgreind sveitarfélög:

1. Ísafjarðarkaupstað.
2. Siglufjarðarkaupstað.
3. Vestmannaeyjakaupstað.
4. Hafnarfjarðarkaupstað.
5. Seltjarnarneshrepp.
6. Kaldrananeshrepp.
7. Hvammstangahrepp.
8. Höfðahrepp.
9. Dalvíkurhrepp.
10. Hauganes, Árskógshrepp.
11. Grenivíkurborg, Grýtubakkahrepp.
12. Hrafnagilshrepp.
13. Egilsstaðahrepp.
14. Skeggjastaðahrepp.
15. Þykkvabæ, Djúpárhrepp.
16. Selfosshrepp.
17. Njarðvíkurhrepp.

Félagsmálaráðuneytið, 24. maí 1967.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

Nr. 87.

31. maí 1967.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Kristins Ármannssonar rektors og konu hans, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 31. maí 1967.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Minningarsjóðs Kristins Ármannssonar rektors og konu hans.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Kristins Ármannssonar rektors og konu hans.

2. gr.

Hlutverk sjóðsins er að styrkja við stúdentspróf efnilegan en fátækan stúdent, samkvæmt mati skólastjórnar Menntaskólans í Reykjavík, og má verja þrem fjórðu hlutum ársvaxta í því skyni. Hinn hlutinn skal lagður við höfuðstól, sem aldrei má skerða.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins, sem nemur nú kr. 160 000.00 svo og það fé, er síðar kann að renna til hans, skal ávaxta á öruggan hátt, og ef unnt er þannig, að rýrnun á verðgildi peninga hafi ekki áhrif á eignir hans.

4. gr.

Rektor Menntaskólans í Reykjavík hefur með höndum stjórn sjóðsins. Reikningur hans skal árlega birtur í skýrslu skólans.

5. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

F. h. stofnenda,
Ármann Kristinsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 3 11. janúar 1967 um innflutnings- og gjaldeyrisleyfi.

1. gr.

Úr 1. gr. reglugerðarinnar falli:

Tollskrá

Kafli Nr.

- 58 07 02 Garn og kaðlar til veiðarfæragerðar úr polyethylen og polypropylen, sem vegur 0.5 gr. meterinn eða meira, þó ekki fléttaðir kaðlar úr sama efni, 10 mm í þvermál eða meira.
- 59 05 01 Fiskinet úr polyethylen og polypropylen, þó ekki net úr nylon og öðrum gerfiefnum.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 30 25. maí 1960 um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, öðlast þegar gildi.

Viðskiptamálaráðuneytið, 31. maí 1967.

Gylfi Þ. Gíslason.

Þórhallur Ásgeirsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um sjúkrahjálp, nr. 235 12. nóvember 1965.

1. gr.

Við 5. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein svo hljóðandi:

Forstöðukonu Landspítalans er heimilt að veita sjúkraliðaréttindi þeim, sem lokið hefur prófi í sjúkrahjálp við erlent sjúkrahús, ef hún telur námið jafngilda námi